



Hvar eru ríkisstörfin?

Fjöldi ríkisstarfa 31.12.2018



Próunarsvið, 12. september 2019
Anna Lea Gestsdóttir

Byggðastofnun hefur gert árlega könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins frá áramótum 2013/2014. Fyrir liggja nú tölur um fjölda stöðugilda til áramótanna 2018/2019 (Tafla 1). Störfín eru mun fleiri en stöðugildin en við höfum kosið að setja upplýsingarnar fram í fjölda stöðugilda. Þá er miðað við hvar störfín eru unnin, en ekki hvar viðkomandi starfsmaður býr. Tölum er skipt niður á konur og karla. Í öllum töflum er fjöldi stöðugilda námundaður við næstu heilu tölu.

Í eftirfarandi töflu má sjá heildar fjölda stöðugilda hjá ríkinu um áramót sex ár í röð, skipt niður á kyn. Sjá má að stöðugildum hefur fjölgað á milli allra ára, þó hlutfallslega mest á milli áráanna 2015 og 2016. Heildarfjölgun stöðugilda frá 2013 til 2018 eru 2.101 stöðugildi eða 9,3%. Þá hefur kynjahlutfallið verið eins á milli ára en stöðugildi kvenna telja um 63% ár hvert. Á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum eru um 10 þúsund stöðugildi árið 2018. Konur eru þar í 83% stöðugilda.

<i>Dagsetning</i>	Fjöldi stöðugilda kvenna	Fjöldi stöðugilda karla	Samtals	Breyting milli ára	
<i>31.12.2013</i>	14.192	8.463	22.654		
<i>31.12.2014</i>	14.192	8.499	22.692	38	0,2%
<i>31.12.2015</i>	14.441	8.610	23.051	359	1,6%
<i>31.12.2016</i>	14.907	8.748	23.655	604	2,6%
<i>31.12.2017</i>	15.340	8.949	24.290	635	2,7%
<i>31.12.2018</i>	15.662	9.093	24.755	465	1,9%

Tafla 1

Stöðugildum er einnig skipt í tvo flokka. Í fyrsta lagi stöðugildi sem greidd eru af Fjársýslunni og hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum í eigu ríkisins (Tafla 2). Þeim flokki tilheyra til að mynda ráðuneytin, Byggðastofnun, Háskóli Íslands og Isavia. Seinni flokkuninni tilheyra stofnanir sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum (Tafla 3). Má nefna sem dæmi Háskólann í Reykjavík, SÁÁ og hjúkrunar- og dvalarheimilin. „Víð skilgreining“ ríkisstarfa eru þessir tveir flokkar samanlagðir (Tafla 4).

Í eftirfarandi töflum má sjá skiptingu stöðugilda niður á kyn og landssvæði. Þá má sjá fjölda og hlutfall íbúa í hverju landssvæði. Í töflu 1 má sjá að á höfuðborgarsvæðinu búa 70,4% landsmanna og sinna 6,4% íbúa þar stöðu hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum í eigu ríkisins. Þegar horft er til vinnumarkaðsaldurs 15 – 64 ára má sjá að 9,5% íbúa höfuðborgarsvæðisins sinna stöðu hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum í eigu ríkisins.

LANDSHLUTASKIPTING STÖÐUGILDA RÍKIS OG OPINBERRA HLUTARFÉLAGA

31.12.2018 Stöðugildi skipt á landssvæði	Fjöldi stöðugilda kvenna	Fjöldi stöðugilda karla	Samtals	Íbúafjöldi 1.1.2019	Hlutfall íbúa af heild	Hlutfall stöðugilda af heildarfjölda	Hlutfall stöðugilda af íbúafjölda	Fjöldi íbúa 15-64 ára	Hlutfall stöðugilda af fjölda 15-64 ára
Höfuðborgarsvæðið	8.980	5.658	14.638	228.231	63,9%	70,4%	6,4%	153.518	9,5%
Vesturland	318	218	536	16.507	4,6%	2,6%	3,2%	10.691	5,0%
Vestfirðir	252	191	443	7.063	2,0%	2,1%	6,3%	4.636	9,6%
Norðurland vestra	313	172	485	7.227	2,0%	2,3%	6,7%	4.537	10,7%
Norðurland eystra	1.085	593	1.678	30.445	8,5%	8,1%	5,5%	19.790	8,5%
Austurland	324	194	518	10.670	3,0%	2,5%	4,9%	6.798	7,6%
Suðurland	636	490	1.126	29.735	8,3%	5,4%	3,8%	19.535	5,8%
Suðurnes	599	704	1.303	27.113	7,6%	6,3%	4,8%	18.930	6,9%
Erlendis	31	31	62	-	0,0%	0,3%	0,0%	-	0,0%
Óstaðsett	-	2	2	-	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%
Samtals	12.539	8.253	20.792	356.991	100%	100%	5,8%	238.435	8,7%

Tafla 2

LANDSHLUTASKIPTING STÖÐUGILDA STOFNANA Á FJÁRLÖGUM

31.12.2018 Stöðugildi skipt á landssvæði	Fjöldi stöðugilda kvenna	Fjöldi stöðugilda karla	Samtals	Íbúafjöldi 1.1.2019	Hlutfall íbúa af heild	Hlutfall stöðugilda af heildarfjölda	Hlutfall stöðugilda af íbúafjölda	Fjöldi íbúa 15-64 ára	Hlutfall stöðugilda af fjölda 15-64 ára
Höfuðborgarsvæðið	2.201	669	2.869	228.231	63,9%	72,4%	1,3%	153.518	1,9%
Vesturland	244	41	285	16.507	4,6%	7,2%	1,7%	10.691	2,7%
Vestfirðir	10	1	10	7.063	2,0%	0,3%	0,1%	4.636	0,2%
Norðurland vestra	-	-	-	7.227	2,0%	0,0%	0,0%	4.537	0,0%
Norðurland eystra	248	23	270	30.445	8,5%	6,8%	0,9%	19.790	1,4%
Austurland	44	1	45	10.670	3,0%	1,1%	0,4%	6.798	0,7%
Suðurland	286	61	347	29.735	8,3%	8,8%	1,2%	19.535	1,8%
Suðurnes	92	44	136	27.113	7,6%	3,4%	0,5%	18.930	0,7%
Erlendis	-	-	-	-	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%
Samtals	3.124	840	3.964	356.991	100%	100%	0,0%	238.435	1,7%

Tafla 3

LANDSHLUTASKIPTING STÖÐUGILDA RÍKIS „Í VÍÐRI MERKINGU“

31.12.2018 Stöðugildi skipt á landssvæði	Fjöldi stöðugilda kvenna	Fjöldi stöðugilda karla	Samtals	Íbúafjöldi 1.1.2019	Hlutfall íbúa af heild	Hlutfall stöðugilda af heildarfjölda	Hlutfall stöðugilda af íbúafjölda	Fjöldi íbúa 15-64 ára	Hlutfall stöðugilda af fjölda 15-64 ára
Höfuðborgarsvæðið	11.181	6.327	17.508	228.231	63,9%	70,7%	7,7%	153.518	11,4%
Vesturland	562	259	821	16.507	4,6%	3,3%	5,0%	10.691	7,7%
Vestfirðir	262	192	454	7.063	2,0%	1,8%	6,4%	4.636	9,8%
Norðurland vestra	313	172	485	7.227	2,0%	2,0%	6,7%	4.537	10,7%
Norðurland eystra	1.332	616	1.948	30.445	8,5%	7,9%	6,4%	19.790	9,8%
Austurland	368	195	563	10.670	3,0%	2,3%	5,3%	6.798	8,3%
Suðurland	922	551	1.474	29.735	8,3%	6,0%	5,0%	19.535	7,5%
Suðurnes	691	748	1.439	27.113	7,6%	5,8%	5,3%	18.930	7,6%
Erlendis	31	31	62	-	0,0%	0,3%	0,0%	-	0,0%
Óstaðsett	-	2	2	-	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%
Samtals	15.662	9.093	24.755	356.991	100%	100%	6,9%	238.435	10,4%

Tafla 4

Stöðugildum á landsvísu fjölgaði um 446 eða um 1,84% á milli áráanna 2017 – 2018. Fjölgun er á stöðugildum í öllum landssvæðum. Líkt og áður eru stærstu þéttbýlisstaðir í hverjum landshluta að bæta við sig stöðugildum á milli ára. Það er þó ekki jafn áberandi að það sé á kostnað minni þéttbýlisstaða líkt og var í fyrra.

Höfuðborgarsvæðið

Stöðugildum fjölgaði um 371 eða um rúm 2% á höfuðborgarsvæðinu á milli áráanna 2017 - 2018. Í Hafnarfirði fækkaði stöðugildum um 49 eða tæp 8%. Er það helst vegna fækkunar hjá Íslandspósti, í aðstoð við hælisleitendur og í Flensborgarskóla. Í Kópavogi fjölgar störfum 66 eða 8,6% þá helst vegna fjölgunar hjá Landsrétti og tilfærslu starfsstöðvar Útlendingarstofnunar frá Reykjavík. Í Reykjavík fjölgar stöðugildum um 2,3% sem eru 350 stöðugildi. Í Garðabæ og í Mosfellsbæ fjölgar um fjögur stöðugildi eða um 1,9% og 1,6%. Í Seltjarnarnesbæ fækkar stöðugildum um þrjú eða um 6,7% en hafði árið áður fjölgað um 18 eða um 55,5% með tilkomu starfsstöðvar Fangelsismálastofnunar. Í Kjósarhrepp er áfram eitt stöðugildi.

Landssvæði
%breyting stöðugilda 2017 - 2018

Höfuðborgarsvæðið	2,2%
Vesturland	0,1%
Vestfirðir	1,0%
Norðurland vestra	1,7%
Norðurland eystra	0,9%
Austurland	0,3%
Suðurland	3,7%
Suðurnes	0,8%
Erlendis	-4,8%
Óstaðsett	200%

Fjöldi stöðugilda	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Garðabær	200	239	238	228	229	233
Hafnarfjörður	743	740	642	666	643	594
Kjósarhreppur	0	1	1	1	1	1
Kópavogur	675	635	623	766	768	834
Mosfellsbær	306	304	304	299	265	270
Reykjavík	14.267	14.302	14.605	14.814	15.179	15.528
Seltjarnarnesbær	31	32	34	33	51	48
Samtals	16.222	16.252	16.446	16.808	17.137	17.508

Vesturland

Eitt stöðugildi bættist við á Vesturlandi á milli árana 2017 - 2018. Skorradalshreppur og Akranes eru einu sveitarfélögin á Vesturlandi þar sem stöðugildum fjölgaði á milli ára. Í Skorradalshrepp fjölgar í skógræktinni en mesta fjölgunin er á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi. Í Borgarbyggð, Dalabyggð, Grundarfjarðarbæ, Snæfellsbæ og Stykkishólmsbæ fækkaði um nokkur stöðugildi. Önnur sveitarfélög í landshlutanum standa í stað.

<i>Fjöldi stöðugilda</i>	<i>2013</i>	<i>2014</i>	<i>2015</i>	<i>2016</i>	<i>2017</i>	<i>2018</i>
<i>Akranes</i>	330	334	329	346	367	378
<i>Borgarbyggð</i>	245	248	256	228	222	217
<i>Dalabyggð</i>	45	47	48	50	50	48
<i>Eyja- og Miklaholtshreppur</i>	0	0	0	0	0	0
<i>Grundarfjarðarbær</i>	50	52	49	50	49	48
<i>Helgafellssveit</i>	0	0	0	0	0	0
<i>Hvalfjarðarsveit</i>	0	1	1	1	1	1
<i>Skorradalshreppur</i>	0	0	0	0	3	4
<i>Snæfellsbær</i>	40	40	38	43	43	42
<i>Stykkishólmsbær</i>	101	96	91	87	85	84
<i>Samtals</i>	811	818	812	805	820	821

Vestfirðir

Á Vestfjörðum fjölgaði stöðugildum um tæp fimm á milli ára. Á Ísafirði, í Kaldrananeshreppi, í Strandabyggð og í Súðavíkurreppi er fjölgun, en fækkun er í Bolungarvík og Vesturbyggð. Fjölgunin er vegna fleiri stöðugilda hjá Orkubúi Vestfjarða, Heilbrigðisstofnuninni. Frá Bolungarvík færast stöðugildi meðal annars til Ísafjarðar. Önnur sveitarfélög í landshlutanum standa í stað.

<i>Fjöldi stöðugilda</i>	2013	2014	2015	2016	2017	2018
<i>Árneshreppur</i>	1	2	2	2	2	2
<i>Bolungarvík</i>	30	33	28	27	26	23
<i>Ísafjarðarbær</i>	279	279	292	316	324	329
<i>Kaldrananeshreppur</i>	0	0	0	0	0	1
<i>Reykhólahreppur</i>	11	10	12	13	12	11
<i>Strandabyggð</i>	35	38	37	38	35	37
<i>Súðavíkurreppur</i>	0	1	1	0	0	1
<i>Tálknafjarðarhreppur</i>	0	0	0	0	0	0
<i>Vesturbyggð</i>	56	51	48	53	51	50
Samtals	413	413	419	449	449	454

Norðurland vestra

Á Norðurlandi vestra fjölgaði um átta stöðugildi á milli ára eða um 1,7%. Í Skagafirði fjölgar stöðugildum um tæp fimm og munar helst um fjölgun hjá Lögregluembættinu. Í Húnavatnshreppi fjölgar Landsvirkjun um þrjú stöðugildi og Vinnumálastofnun á Skagaströnd um eitt. Í Blönduós bæ fækkar um tæp tvö vegna fækkunar hjá RARIK og Íslandspósti. Önnur sveitarfélög á í landshlutanum standa í stað.

<i>Fjöldi stöðugilda</i>	<i>2013</i>	<i>2014</i>	<i>2015</i>	<i>2016</i>	<i>2017</i>	<i>2018</i>
<i>Akrahreppur</i>	1	1	1	1	1	1
<i>Blönduós bæ</i>	88	87	84	81	84	83
<i>Húnavatnshreppur</i>	13	13	13	14	15	18
<i>Húnaþing vestra</i>	64	64	66	62	62	63
<i>Skagabyggð</i>	0	0	0	0	0	0
<i>Sveitarfélagið Skagafjörður</i>	282	279	284	294	294	299
<i>Sveitarfélagið Skagaströnd</i>	29	23	20	20	21	22
<i>Samtals</i>	476	467	468	471	477	485

Norðurland eystra

Stöðugildum fjölgaði um 17 eða um 0,9% á Norðurlandi eystra á milli áráanna 2017 - 2018. Á Akureyri fjölgar stöðugildum um 26 eða 1,7%. Þá fjölgaði um eitt starf hjá Vegagerðinni í Langanesbyggð. Fækkun varð í Skútustaðahrepp, í Fjallabyggð, í Þingeyjarsveit og í Dalvíkurbyggð. Munar þar helst um fækkun starfa hjá Umhverfisstofnun, Landsvirkjun, Alþingi og hjá Dalbæ. Önnur sveitarfélög á í landshlutanum standa í stað.

<i>Fjöldi stöðugilda</i>	2013	2014	2015	2016	2017	2018
<i>Akureyri</i>	1.385	1.395	1.422	1.448	1.507	1.533
<i>Dalvíkurbyggð</i>	51	53	53	55	53	52
<i>Eyjafjarðarsveit</i>	0	1	1	1	1	1
<i>Fjallabyggð</i>	104	112	112	110	111	108
<i>Grýtubakkahreppur</i>	0	1	2	1	1	1
<i>Hörgársveit</i>	1	1	1	1	1	1
<i>Langanesbyggð</i>	13	14	16	18	19	20
<i>Norðurþing</i>	154	161	171	175	178	179
<i>Skútustaðarhreppur</i>	25	24	21	25	39	34
<i>Svalbarðshreppur</i>	0	0	0	0	0	0
<i>Svalbarðsstrandarhreppur</i>	0	0	0	0	0	0
<i>Tjörneshreppur</i>	0	0	0	0	0	0
<i>Þingeyjarsveit</i>	21	24	24	22	21	20
Samtals	1.754	1.787	1.823	1.857	1.931	1.948

Austurland

Stöðugildum fjölgaði um 1,4 eða um 0,3% á Austurlandi á milli ára 2017 - 2018. Breiðdalshreppur og Fjarðabyggð sameinuðust á árinu og bætast því stöðugildin tvö sem áður voru í Breiðdalshrepp við í Fjarðabyggð. Heildarfjöldunin í Fjarðabyggð, eina sveitarfélaginu í landshlutanum sem bætir við sig á milli ára, eru 11 stöðugildi eða 4,5%. Þá fækkar um sjö stöðugildi á Seyðisfirði eða um 14%. Munar þar helst um fækkun hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands um rúm fjögur stöðugildi. Í Fljótsdalshéraði fækkar um eitt stöðugildi sem og í Djúpavogshreppi. Önnur sveitarfélög á í landshlutanum standa í stað.

<i>Fjöldi stöðugilda</i>	<i>2013</i>	<i>2014</i>	<i>2015</i>	<i>2016</i>	<i>2017</i>	<i>2018</i>
<i>Borgarfjarðarhreppur</i>	0	0	0	0	0	0
<i>Breiðdalshreppur</i>	2	2	1	2	2	0
<i>Djúpavogshreppur</i>	9	9	7	8	7	6
<i>Fjarðabyggð</i>	237	245	244	246	234	243
<i>Fljótsdalshérað</i>	215	228	230	235	258	243
<i>Fljótsdalshreppur</i>	16	14	14	14	15	15
<i>Seyðisfjarðarkaupstaður</i>	53	52	48	47	51	46
<i>Vopnafjarðarhreppur</i>	9	6	9	10	10	10
<i>Samtals</i>	542	556	554	562	561	563

Suðurland

Stöðugildum fjölgaði um 52 eða um 3,7% á Suðurlandi á milli árunna 2017 - 2018. Í Árborg fjölgar um 24 stöðugildi og munar þar helst um fjölgun hjá Lögregluembættinu, Heilbrigðisstofnuninni og RARIK. Í Vestmannaeyjum fjölgar um tæp 13 stöðugildi sem er 7,1% fjölgun á milli ára. Munar þar mestu um fjölgun hjá Hraunbúðum en einnig fjölgar á Heilbrigðisstofnuninni. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fjölgar hjá Landsvirkjun um 11 stöðugildi sem er 26,5% fjölgun. Óveruleg breyting er í öðrum sveitarfélögum landshlutans.

<i>Fjöldi stöðugilda</i>	<i>2013</i>	<i>2014</i>	<i>2015</i>	<i>2016</i>	<i>2017</i>	<i>2018</i>
<i>Ásahreppur</i>	0	0	0	0	0	0
<i>Bláskógarbyggð</i>	50	48	62	60	67	67
<i>Flóahreppur</i>	0	0	0	0	0	0
<i>Grímsnes- og Grafningshreppur</i>	13	14	14	14	15	16
<i>Hrunamannahreppur</i>	4	2	3	2	5	6
<i>Hveragerðisbær</i>	205	193	205	218	219	218
<i>Mýrdalshreppur</i>	35	37	33	36	41	41
<i>Rangárþing eystra</i>	49	48	49	42	43	42
<i>Rangárþing ytra</i>	105	99	98	98	105	103
<i>Skaftárhreppur</i>	20	21	28	24	26	28
<i>Skeiða- og Gnúpverjahreppur</i>	37	40	40	39	43	54
<i>Sveitarfélagið Árborg</i>	571	573	570	556	558	582
<i>Sveitarfélagið Hornafjörður</i>	88	108	102	108	127	129
<i>Sveitarfélagið Ölfus</i>	7	4	4	4	6	7
<i>Vestmannaeyjar</i>	174	166	158	168	168	180
<i>Samtals</i>	1.358	1.352	1.365	1.373	1.421	1.474

Suðurnes

Stöðugildum fjölgaði um 11,5 eða um 0,8% á Suðurnesjum á milli árunna 2016 – 2017. Helsta breytingin er í Reykjanesbæ þar sem stöðugildum fjölgar um 12,6 og munar þar helst um fjölgun hjá Lögreglustjóra Suðurnesja.

<i>Fjöldi stöðugilda</i>	<i>2013</i>	<i>2014</i>	<i>2015</i>	<i>2016</i>	<i>2017</i>	<i>2018</i>
<i>Grindavíkurbær</i>	41	35	37	38	40	39
<i>Reykjanesbær</i>	811	953	1.069	1.231	1.383	1.396
<i>Sandgerðisbær</i>	1	1	2	2	2	0
<i>Suðurnesjabær</i>	0	0	0	0	0	4
<i>Sveitarfélagið Garður</i>	42	1	1	2	2	0
<i>Sveitarfélagið Vogar</i>	1	1	1	1	0	0
<i>Samtals</i>	896	991	1.110	1.274	1.428	1.439

Erlendis og óstaðsett

Stöðugildum sem unnin eru erlendis fækkar um þrjú á milli ára, eru nú 62. Þá eru störf án staðsetningar tvö þetta árið hjá Þýðingarmiðstöð Utanríkisráðuneytisins.

Frekari upplýsingar og fyrirvari

Skiptingu stöðugilda niður á sveitarfélög og frekari tölulegar upplýsingar má finna neðst á [þessari síðu](#).

Mikið er lagt upp með að hafa gögnin sambærileg á milli ára. Því fer gagnaöflun fram með skipulögðum hætti og drjúgum tíma er varið í að rýna gögnin. Þó ber þess að geta að enn gætu leynst villur í gögnunum og fögnum við öllum ábendingum um það sem betur má fara. Gögn eru uppfærð eftir því sem tilefni gefur. Frekari upplýsingar veitir Anna Lea Gestsdóttir, sérfræðingur þróunarsviðs í síma 455-5433 eða í tölvupósti anna@byggdastofnun.is